

Innritun í framhaldsskóla á haustönn 2020

**Forinnritun 10. bekkinga fer fram 9. mars til 13. apríl**

Forinnritun nemenda sem ljúka munu 10. bekk vor 2020 (fæddir 2004 eða síðar) hefst 9. mars og lýkur 12. apríl nk. Nemendur fá sent bréf með leiðbeiningum um hvernig sækja á um frá Menntamálastofnun, en í bréfinu er líka að finna veflykil sem þeir nota til að komast inn í umsókn á netinu. Foreldrar fá einnig sent kynningarbréf um umsóknarferlið.

**Lokainnritun 10. bekkinga fer fram 6. maí til 10. júní**

Nemendur í 10. bekk geta sótt um eða breytt umsóknum sínum á þessu tímabili, allt fram til miðnættis 10. júní. Einkunnir þeirra flytjast sjálfkrafa frá grunnskólanum inn í umsóknargrunninn.

**Innritun eldri nemenda fer fram 6. apríl til 31. maí**

Eldri nemendur (fæddir 2003 og fyrr) geta sótt um frá 6. apríl til 31. maí. Þeir nota til þess Íslykil sem hægt er að sækja um á [www.island.is](http://www.island.is) at [www.island.is](http://www.island.is) og fá sendan í heimabanka (2-3 mínútur) eða á lögheimili (2-3 virkir dagar) eða rafræn skilríki frá viðskiptabanka.